



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 31. mars, 2015

Ákvörðun nr. 5/2015

## **Kaup Eddu slhf. á hlut í Pizza-Pizza ehf. og BHB Fasteignum ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 27. febrúar sl. með tilkynningu um breytingu á yferráðum Pizza-Pizza ehf. (hér eftir PP) og BHB Fasteignum ehf. Fyrirkomulag viðskiptanna yrði með þeim hætti að Edda slhf. (hér eftir Edda) mun gerast hluthafi í Eyju eignarhaldsfélagi II (hér eftir Eyja II) sem á ráðandi hlut í PP. Samhliða þessu geri hluthafar Eyju II með sér hluthafasamkomulag sem leiðir til sameiginlegra yferráða þeirra yfir PP. Aðilar að hluthafasamkomulaginu eru annars vegar Eyja fjárfestingarfélag (hér eftir Eyja) sem er í eigu Eyglóar Bjarkar Kjartansdóttur og Edda sem er undir yferráðum Virðingar hf. (hér eftir Virðing). Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi samkeppnislaga.

Með tilkynningu um samrunann fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Með bréfi dags. 6. mars sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað ýmissa gagna og upplýsinga frá samrunaaðilum og aðilum sem kunna að hafa hagsmuni af honum. Verður vísað til þessara upplýsinga við úrlausn málsins eftir því sem ástæða þykir til.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist.

Í samrunaskrá segir að Edda komi til með að eignast, í gegnum Eyju II, um 25% hlut í PP sem rekur veitingastaði Domino's Pizza á Íslandi. Í hluthafasamkomulagi Eyju II er m.a. kveðið á um að stjórnarmenn skuli vera þrír og Edda tilnefni einn stjórnarmann og Eyja einn stjórnarmann.

Líkt og áður segir er Edda fagfjárfestastjóður undir yferráðum Virðingar, þar sem félagið fer með daglegan rekstur félagsins og stjórnarformaður og starfsmenn Virðingar sitja í stjórn Eddu. Hluthafar Eddu eru öflugir fagfjárfestar sem eiga hagsmuni víðar en í Eddu. Telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að þeir hagsmunir komi sérstaklega til skoðunar í



máli þessu þar sem Virðing fer með yferráð yfir félaginu í samkeppnisréttarlegum skilningi.<sup>1</sup> Virðing kemur að rekstri nokkurra fyrirtækja í gegnum Eddu eða önnur sambærileg fjárfestingarfélag.<sup>2</sup> Telur eftirlitið rétt að líta til þeirra fyrirtækja við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans.

### III.

#### Niðurstaða

Samkvæmt samrunaskrá er tilgangur PP veitingarekstur og skyldur rekstur og rekur félagið nitján staði undir merkjum Domino's Pizza. Um starfsemi BHB fasteigna segir að það sé einungis eignarhald á hluta af fasteignunum sem notaðar eru undir starfsemi Domino's Pizza. Samrunaaðilar telja sig starfa á markaði fyrir skyndibitastaði sem selur fyrst og fremst tilbúinn mat. Varðandi skilgreiningu á þeim markaði sem fyrirtækið telur sig starfa á vísa samrunaaðilar í ákvörðun eftirlitsins nr. 35/2011 *Kaup FoodCo hf. á öllu hlutafé í Shiraz*. Í þeirri ákvörðun var vísað í það mat samrunaaðila að veitinga- og skyndibitamarkaðurinn væri einn markaður. Telja samrunaaðilar unnt í þessu tilfelli að skilgreina markaðinn með sama hætti, þ.e.a.s. að markaðurinn taki til allra veitingastaða. Líkt og áður greinir hefur samruninn ekki áhrif til samþjöppunar á nokkrum markaði. Því er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til ítarlegrar markaðsskilgreiningar á þeim markaði sem annars vegar fyrirtæki undir yferráðum Virðingar starfa á og hins vegar þeim markaði sem Domino's Pizza starfar á.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Að undangeninni rannsókn, er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Samruninn kemur ekki til með að hafa áhrif til samþjöppunar á nokkrum markaði. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

#### Ákvörðunarorð:

**„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna kaupa Eddu slhf. Á Pizza-Pizza ehf. og BHB Fasteignum ehf.“**

Samkeppniseftirlitið

---

<sup>1</sup> Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2010 *Yferráð Auðar I fagfjárfestasjóðs slf. Yfir Já upplýsingaveitum ehf.* var komist að þessari niðurstöðu í meginatriðum eru aðstæður þær sömu í þessu máli.

<sup>2</sup> Samkvæmt samrunaskrá eru þessi fyrirtæki: Yggdrasill ehf., Agóra ehf., 365 miðlar ehf., Já hf., Íslenska gámafélagið ehf., Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. og Gagnavarslan hf.



Páll Gunnar Pálsson